

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1346/2001/EB

2003/EES/49/26

frá 22. maí 2001

um breytingu á ákvörðun nr. 1692/96/EB að því er varðar hafnir við sjó, hafnir við vötn og stöðvar fyrir samtengda flutninga svo og framkvæmdaverkefni nr. 8 í III. Viðauka (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrstu undirgrein 156. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álit svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 13. mars 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins ⁽⁵⁾ myndar almennan viðmiðunarramma um markmið, forgangsmál og helstu áherslur varðandi fyrirhugaðar ráðstafanir, svo og framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni á sviði samevrópska flutningakerfisins.
- 2) Samtengingarpunktur, þ.m.t. hafnir við sjó, hafnir við vötn og stöðvar fyrir samtengda flutninga, eru forsenda fyrir því að unnt sé að sameina mismunandi greinar flutninga í eitt fjölþætt kerfi.

3) Í samevrópska flutningakerfinu er höfnum við skipt í flokka. Flokkarnir eru skilgreindir út frá magnbundnum viðmiðunum eða eftir því hvort hafnirnar eru á eyjum, jaðarsvæðum eða afskekktustu svæðum. Til upplýsingar ber einungis að sýna hafnir í þeim flokki, sem mest umferð er um, á landakortum. Tilgreina ber forskriftir sem framkvæmdir í tengslum við hafnir við sjó skulu uppfylla til að þær teljist varða sameiginlega hagsmuni.

4) Til viðbótar viðmiðunum fyrir hafnir við vötn ber að tilgreina viðmiðanir annaðhvort varðandi búnað þeirra eða magn umferðar um þær og til upplýsingar ber að sýna slíkar hafnir á landakortum.

5) Fundur leiðtoga ráðsins, sem kom saman í Dyflinni árið 1996, ákvað að framkvæmdaverkefni nr. 8 á skrá, sem leiðtoga ráðið samþykkti í Essen árið 1994, skyldi vera fjölþætta flutningaleiðin sem tengir Portúgal og Spán við aðra hluta Evrópu.

6) Breyta ber ákvörðun nr. 1692/96/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun nr. 1692/96/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Hafnir við vötn eru hluti af flutningakerfinu, einkum sem tengipunktur milli vatnaleiðanna, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., og annarra flutningsmáta.“

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 185, 6.7.2001, bls. 56, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 120, 18. 4.1998, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 214, 10.7.1998, bls. 40.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 373, 2.12.1998, bls. 20.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 10. mars 1999 (Stjtið. EB C 175, 21.6.1999, bls. 110), sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. júní 2000 (Stjtið. EB C 228, 9.8.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 3. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. apríl 2001 og ákvörðun ráðsins frá 24. apríl 2001.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Til flutningakerfisins skulu teljast hafnir við vötn sem eru

- a) opnar fyrir umferð í atvinnuskyni,
- b) staðsettar innan kerfis skipgengra vatnaleiða eins og sýnt er á upprættinum í 4. þætti I. viðauka,
- c) samtengdar öðrum samevrópskum flutningaleiðum eins og sýnt er í I. viðauka, og
- d) búnar umfermingaraðstöðu fyrir samþætta flutninga eða þar sem árlegir farmflutningar nema a.m.k. 500 000 tonnum.“

2. Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

Lýsing

1. Hafnir við sjó gera kleift að byggja upp sjóflutninga og eru tengistöðvar sjóumferðar milli lands og eyja og tengipunktur milli sjóflutninga og annarra flutningsmáta. Þar stendur flutningsaðilum til boða búnaður og þjónusta. Grunnvirki þeirra gefa kost á ýmiss konar þjónustu fyrir farþega- og vöruflutninga í bandalaginu og milli þess og þriðju landa, að meðtalinni ferjuþjónustu og þjónustu á sviði sjóflutninga um stuttar og langar vegalengdir, m.a. strandflutningum.

2. Hafnir við sjó, sem teljast til kerfisins, skulu falla í A-, B-, eða C-flokk sem eru skilgreindir hér á eftir:

A. millilandahafnir við sjó: hafnir, þar sem árlegir farmflutningar eru a.m.k. 1,5 milljón tonn eða árlegur fjöldi farþega er a.m.k. 200 000, og sem tengjast landflutningabáttum samevrópska flutningakerfisins, nema slíkt sé óframkvæmanlegt, og eru þannig veigamikill þáttur millilandaflutninga á sjó;

B. bandalagshafnir við sjó sem ekki teljast til A-flokks: hafnir, þar sem árlegir farmflutningar eru a.m.k. 0,5 milljón tonn eða árlegur fjöldi farþega er á bilinu 100 000 til 199 999; þessar hafnir tengjast landflutningabáttum samevrópska flutningakerfisins, nema slíkt sé óframkvæmanlegt, og eru búnar nauðsynlegri umfermingaraðstöðu fyrir flutninga á styttri sjóleiðum;

C. svæðishafnir: þessar hafnir uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir A- eða B-flokk en eru á eyjum, jaðarsvæðum eða afskekktustu svæðum og tengja saman slík svæði sjóleiðis og/eða tengja þau við miðlæg svæði bandalagsins.

Sýna skal hafnir við sjó í A-flokki á leiðbeinandi kortum í skipulagsuppráttunum í 5. þætti I. viðauka á grundvelli nýjustu upplýsinga um hafnir.

3. Auk þeirra viðmiðana, sem settar eru fram í 7. gr., skulu hafnarframkvæmdir, sem varða sameiginlega hagsmuni sem tengjast höfnum við sjó innan samevrópska sjóhafnakerfisins, vera í samræmi við viðmiðanir og forskriftir í II. viðauka.“

3. Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.

Lýsing

Til samevrópska kerfisins fyrir samsetta flutninga teljast:

— járnbrautir og skipgengar vatnaleiðir sem henta til samsettra flutninga og skipaleiðir sem gera það kleift, eftir atvikum með eins stuttum tengiflutningum á vegum í upphafi og/eða við lok ferðar og við verður komið, að flytja vörur um langar vegalengdir,

— stöðvar fyrir samtengda flutninga sem búin eru mannvirkjum sem gera kleift að umskipa vörum milli járnbrauta, skipgengra vatnaleiða, skipaleiða og vega,

— hentug járnbrautarfarartæki til bráðabirgða þar sem þörf er á slíku þar eð grunnvirki hafa ekki verið aðlöguð ennþá.“

4. Í stað 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

Sérstakar framkvæmdir

Til upplýsingar er að finna í III. viðauka þær framkvæmdir sem eru tilgreindar í I. og II. viðauka og í öðrum ákvæðum þessarar ákvörðunar og leiðtogaáráðið taldi sérstaklega mikilvægar á fundum sínum í Essen 1994 og í Dyflinni 1996.“

5. Texta I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í efnisyfirlitinu

— í stað yfirskriftar 4. þáttar „Skipgengar vatnaleiðir“ komi eftirfarandi: „Kerfi skipgengra vatnaleiða og hafna við vötn“,

— í stað 5. þáttar komi eftirfarandi:

„5. þáttur: **Hafnir við sjó — A-flokkur**

5.0. Evrópa

5.1. Eystrasalt

5.2. Norðursjór

5.3. Atlantshaf

5.4. Miðjarðarhaf – vesturhluti

5.5. Miðjarðarhaf – austurhluti“,

— í 7. þætti „Samsettir flutningar“ falli liður 7.2 niður;

b) að því er varðar landakortin sem svara til 4. og 5. þáttar:

— komi landakortin í viðauka þessarar ákvörðunar í stað landakortsins, sem sýnir 4. þátt. Þessi landakort sýna einnig hafnir við vötn sem eru búnar umfermingaraðstöðu fyrir samsetta flutninga og koma þau í stað kortsins sem sýnir lið 7.2,

— landakortin, sem sýna 5. þátt, eins og þau birtast í viðauka þessarar ákvörðunar, bætist við.

6. Texta II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað þess hluta 4. þáttar, sem fjallar um hafnir við vötn, komi eftirfarandi:

„Hafnir við vötn

Framkvæmdir, sem varða sameiginlega hagsmuni, skulu eingöngu tengjast grunnvirkjum sem allir notendur hafa aðgang að án mismununar.

Auk framkvæmda við tengingar og við hafnir við vötn, sem nefndar eru í I. viðauka, teljast grunnvirkjaframkvæmdir til framkvæmda er varða sameiginlega hagsmuni ef þær varða einn eða fleiri eftirtalinn flokka:

1. aðgang að höfninni frá skipgengum vatnaleiðum;
2. hafnargrunnvirki á hafnarsvæðinu;
3. önnur flutningagrunnvirki á hafnarsvæðinu;
4. önnur flutningagrunnvirki sem tengja höfnina öðrum þáttum samevrópska kerfisins.

Allar framkvæmdir, sem tengjast eftirtöldum verkefnum, teljast varða sameiginlega hagsmuni: smíði og viðhald allra þeirra þátta flutningakerfisins sem yfirleitt eru opnir öllum notendum innan hafnarinnar auk tenginga við innlenda flutningakerfið eða millilandaflutningakerfið; einkum tekur þetta til uppbyggingar og viðhalds á landi sem nota skal í atvinnuskyni og til annarrar hafnarstarfsemi, lagningar og viðhalds vega- og járnbrautatenginga, gerðar og viðhalds, þ.m.t. dýpkunar, tengileiða og annarra vatnasvæða í höfninni, smíði og viðhalds leiðsögubúnaðar og umferðarstjórnar-, fjarskipta- og upplýsingakerfa í höfninni og á tengileiðum.“;

b) í stað 5. þáttar komi eftirfarandi:

„5. þáttur

Hafnir við sjó

1. Sameiginleg skilyrði fyrir framkvæmdum sem varða sameiginlega hagsmuni og tengjast höfnum við sjó í flutningakerfinu

Framkvæmdir, sem varða sameiginlega hagsmuni, skulu eingöngu tengjast grunnvirkjum sem allir notendur hafa aðgang að án mismununar.

Allar framkvæmdir, sem tengjast eftirtöldum verkefnum, teljast varða sameiginlega hagsmuni: smíði og viðhald allra þeirra þátta flutningakerfisins sem yfirleitt eru opnir öllum notendum innan hafnarinnar auk tenginga við innlenda flutningakerfið eða millilandaflutningakerfið; einkum tekur þetta til uppbyggingar og viðhalds á landi sem nota skal í atvinnuskyni og til annarrar hafnarstarfsemi, lagningar og viðhalds vega- og járnbrautatenginga, gerðar og viðhalds, þ.m.t. dýpkunar, tengileiða og annarra vatnasvæða í höfninni, smíði og viðhalds leiðsögubúnaðar og umferðarstjórnar-, fjarskipta- og upplýsingakerfa í höfninni og á tengileiðum.“

2. Forskriftir fyrir framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni og tengjast sjóhafnakerfinu.

Allar framkvæmdir teljast varða sameiginlega hagsmuni ef þær fullnægja eftirtöldum forskriftum:

Forskriftir fyrir framkvæmdir	Flokkur hafna
I. Efling flutninga á stuttum sjóleiðum	
Grunnvirki sem eru nauðsynleg fyrir þróun flutninga á stuttum sjóleiðum og stuttum leiðum á sjó og skipgengum fljótum	Framkvæmdir sem tengjast höfnum í A-flokki
II. Aðgangur að höfnum	
Aðgangur að höfnum frá sjó og skipgengum vatnaleiðum	Framkvæmdir sem tengjast höfnum í A- og B-flokki
Stöðugur aðgangur að höfnum við sjó við Eystrasalt sem standa nálægt 60° N og þar fyrir norðan að meðtöldum kostnaði vegna isbrots á vetrum	Framkvæmdir sem tengjast höfnum í A-, B- og C-flokki
Að koma á og bæta aðgang að upplandinu sem tengir höfnina öðrum þáttum samevrópska flutningakerfisins með járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum	Framkvæmdir sem tengjast höfnum í A-flokki
Að byggja upp núverandi tengingar við upplandið sem tengja höfnina öðrum þáttum samevrópska flutningakerfisins með járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum	Framkvæmdir sem tengjast höfnum í A- og B-flokki
III. Hafnargrunnvirki á hafnarsvæðinu	
Uppbygging hafnargrunnvirkja til gera samþættingu skilvirkari	Framkvæmdir sem tengjast höfnum í A- og B-flokki
Endurnýjun hafnargrunnvirkja einkum í höfnum á eyjum, jaðarsvæðum og afskekktustu svæðum	Framkvæmdir sem tengjast höfnum í C-flokki
Uppbygging og uppsetning stjórnunar og upplýsingakerfa á borð við EDI (rafræna gagnamiðlun) eða annarra kerfa sem stuðla að tæknivæddri stjórn á farm- og farþegaflutningum, með notkun samþættrar tækni	Framkvæmdir sem tengjast höfnum í A-, B- og C-flokki
Uppbygging hafnarmannvirkja til að taka við úrgangi	Framkvæmdir sem tengjast höfnum í A-, B- og C-flokki

c) Í stað annars og þriðja undirliðar 7. þáttar komi eftirfarandi:

„—uppbyggingu eða endurbyggingu miðstöðva fyrir umfermingu milli mismunandi flutningatækja á landi, að meðtalinni uppsetningu, innan stöðvarinnar, á búnaði fyrir umfermingu ásamt tilheyrandi grunnvirkjum,

— aðlögun hafnarsvæða í því skyni að byggja upp eða bæta samsetta flutninga milli sjóflutninga og flutninga með járnbrautum, á skipgengum vatnaleiðum eða vegum.“

7. Texta III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað titilsins:

„Skrá yfir þau fjórtán framkvæmdaverkefni sem leiðtogaráðið samþykkti í Essen 1994 og í Dyflinni 1996“

b) Í stað 8. liðar („Hraðbrautin Lissabon—Valladolid“) komi eftirfarandi:

„8. Fjölpætt tenging Portúgals og Spánar við önnur svæði Evrópu með uppbyggingu járnbrauta-, veg-, sjó- og lofttenginga um eftirfarandi þrjár stofnleiðir Íberíuskagans:

— Galísía (A Coruña)/Portúgal (Lissabon)

2. gr.

— Irún/Portúgal (Valladolid-Lissabon)

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

— Suðvestur-stofnleiðin (Lissabon-Sevilla).“

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. maí 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. WINBERG


forseti.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

4. ÞÁTTUR

Kerfi skipgengra vatnaleiða og hafna við vötn



Skjppengar vatnaleiðir

— Núverandi

- - - Fyrirhugaðar

Hafnir

● við votn/við sjó

▲ Hafnir við votn með umferingaraðstöðu fyrir samsetta flutninga

● Aðrar hafnir við votn

— Járnbrautir

— Vegir






02/2001

SKIPULAGSUPPDRA'TTUR AF SAMEVRÓPSKA FLUTNINGAKERFINU (2010)

HAFNIR VIÐ VÖTN OG SKIPGENGAR VATNALEIÐIR

4.1A



Skipgengar vatnaleiðir
 Núverandi
 Þyrningakur
 Hafnir
 Hafnir við vötn og skipgengar
 vatnaleiðir
 Hafnir við vötn
 Jámbræðir
 Vegir
 Kilómæltar




02/2001

SKIPULAGSUPPDRA'TTUR AF SAMEVRÓPSKA FLUTNINGAKERFINU (2010)

HAFNIR VIÐ VÖTN OG SKIPGENGAR VATNALEIÐIR

4.1B



Skipgengar vatnaleiðir
 Núverandi Fyrirhugaðar
 við vötn við sjó
 Hafnir við vötn með umferingarástöðu fyrir samsetta flutninga
 Aðrar hafnir við vötn
 Jámbráutir
 Vegir
 0 70 140
 Klómétrar




02/2001

SKIPULAGSUPPDRA'TTUR AF SAMEVRO'PSKA FLUTNINGAKERFINU (2010)

HAFNIR VID VÖTN OG SKIPGENGAR VATNALEIÐIR

4.2



Skippengar vatnaleiðir

Núverandi Fyrirhugaðar

vötn við sjó

Hafnir við vötn með umferingarástöðu fyrir samsetta flutninga


Aðrar hafnir við vötn

Járnbrautir

Vegir

0 100 200 Kilómetrar

4.3



Skipsengar Vatnaleiðir

Kúva- og Perfríðugöngur

Veiðir og sjó

Hafnarvík og Vötn

Hafnarvatn


Vegir

Kúva- og Perfríðugöngur

0 100 200 300 400 500 600 700 800 900 1000

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10




02/2007



02/2001

4.4






02/2001

SKIPULAGSUPPDRA'TTUR AF SAMEYRÖPSKA FLUTNINGAKERFINU (2010)

HAFNIR VIÐ VÖTN OG SKIPGENGAR VATNALEIÐIR

4.5



Skipgengar vatnaleiðir

Núverandi Fyrirhugaðar

við vötn við sjó

Hafnir við vötn með umfermingaraðstoðu fyrir samsetta flutninga

Aðrar hafnir við vötn

Járabrautir

Vegir

0 50 100 Kilómetrar

5. ÞÁTTUR


Hafnir við sjó — A-flokkur



02/2001

5.0

1:19000000



Skipgengar vatnaleiðir
Núverandi Fyrirhugaðar

Hafnir
Við sjó Við sjó/við vötn

Járnbrautir Vegir



5.1





02/2001

SKIPULAGSUPPDRA'TTUR AF SAMEVRÓPSKA FLUTNINGAKERFINU (2010)

HAFNIR VIÐ SJÓ, A-FLOKKUR

5.2



Skipptenging vatnaleiðir
 Núverandi Fyrirhugaðar
 Járnbrautir Vegir
 Ports
 við sjó við sjó/við vötn
 Kilómetrar
 0 100 200 300



Skíppengar vatnaleiðir

Núverandi Fyrirhugaðar

Hafnir

● við sjó
● við sjó/við vötn






02/2001

SKIPULAGSUPPDRA'TTUR AF SAMEVRÓPSKA FLUTNINGAKERFINU (2010)

HAFNIR VIÐ SJÓ, A-FLOKKUR

5.4






02/2001

SKIPULAGSUPPDRA'TTUR AF SAMEVRÓPSKA FLUTNINGAKERFINU (2010)

HAFNIR VIÐ SJÓ, A-FLOKKUR

5.5

1:6000000



Skippengar vatnaleiðir
 Núverandi Fyrirhugaðar
 Hatnir
 við sjó
 við sjó/vö vötn
 Járabrautir
 Vegir
 Klómétrar

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar

Við næstu endurskoðun á ákvörðun 1692/96/EB hyggst framkvæmdastjórnin leggja til að Elbe-Lübeck Kanal og Twente-Mittellandkanal verði bætt við kerfi skipgengra vatnaleiða.
